

Sent með tölvupósti 22. maí 2008

Alþingi

Erindi nr. Þ 135/2934

komudagur 23. 5. 2008



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. maí 2008

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar, mál 631/13.

Landssamtökin Þroskahjálpar hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um sjúkratryggingar mál 631. Samtökin átelja þann skamma frest sem fékkst til að senda inn umsagnir vegna svo viðamikils máls.

Helstu athugasemdir sem samtökin vilja gera við frumvarpið á þessu stigi eru eftirfarandi:

Landssamtökin Þroskahjálpar taka undir þær ábendingar sem m.a. Öryrkjabandalag Íslands hefur komið á framfæri að tryggt verði að réttindi sjúkra verði á engan hátt skert hvað varðar ákvæði stjórnslulaga þó Sjúkratryggingastofnun semji við aðra en opinbera þjónustuaðila um framkvæmd þjónustunnar.

Samtökin sakna þess að ekki er gert ráð fyrir að sjúkratryggingar nái til þjónustu sálfræðinga. Sálfræðimeðferð er að mati samtakanna eðlilegur og nauðsynlegur hluti heilbrigðisþjónustu sem dregur úr kostnaði við aðra þætti þjónustunnar eins og lyfjakostnað.


Landssamtökin Þroskahjálpar mælast til að breytingar verði gerðar á 31. grein frumvarpsins um dvalarkostnað þannig að ekki verði einvörðungu miðað við aldur sjúklings (18 ár) heldur þörf hans fyrir að njóta aðstoðar og stuðnings foreldra sinna eða annarra nákominna. Margt fólk, t.d. fólk með þroskahömlun, sem náð hefur 18 ára aldri þarfnast slíkrar aðstoðar.

Samtökin mæla einnig með því að greininni verði breytt í þá veru að heimild til að greiða kostnað vegna beggja foreldra verði rýmkuð umfram „lífshættulega sjúkdóma.“ Gera má ráð fyrir að hluti þeirra barna sem þarfnast sjúkrahúsvistar fjarri heimili sínu hafi þörf fyrir umönnun beggja foreldra sinna þó sjúkleiki þeirra sé ekki lífshættulegur. Þetta á ekki síst við um langveik og fötluð börn. Í þessu sambandi má benda á að í dag er foreldrum ætlað umtalsvert hlutverk varðandi sjúkrahúsvistanir barna sinna.

Samtökin leggja til að í báðum tilvikum verði mat sérfræðings lagt til grundvallar.

Landssamtökin Þroskahjálpar áskilja sér jafnframt allan rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri síðar.

F. h. Landssamtakanna Þroskahjálpar


Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri